

Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög, undirskrifuð af konungi 6. marz 1896. (A. nr. 3, bls. 14 og 16, þýðing á bls. 15 og 17).

Lög um samþykktir til hindrunar skemmdum af vatnagangi, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 4, bls. 18 og 20, þýðing á bls. 19 og 21).

Lög um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa bændahlutann í Brjámslæk til handa Brjámslækjarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 5, bls. 22, þýðing á bls. 23).

Lög um hvalleifar, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 24, þýðing á bls. 25).

Lög um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 26, þýðing á bls. 27).

Lög um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 8, bls. 28, þýðing á bls. 29).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um flutning bústaðar hjeraðslæknisins í 13. læknishjaraði. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmáður, í þóknanlegu brjefi 29. ágúst f. á., og að fengnum yfirlýsingum sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu og sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu um málið, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að hjeraðslæknirinn í 13. læknishjaraði Íslands flytji bústað sinn úr Vopnafjarðarverzlunarstað að Ásbrandsstöðum í Hofsárdal. 70

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar. 18. maí

Brjef landshöfðingja til biskups um bygging nýrrar kirkju í Keflavík. — Samkvæmt ósk safnaðarins í Útskálasókn, og að fengnu samþykki hlutaðeiganda hjeraðsfundar, vil jeg hjer með eptir tillögum yðar, herra biskup, sbr. 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, veita leyfi mitt til þess, að Útskálasöfnuður megi reisa nýja kirkju í Keflavík, útbúna öllum þeim áhöldum, er útheimtast til reglulegra guðsþjónustugjörða samkvæmt gildandi reglum og ákvæðum í þjóðkirkjunni, og hafi hin nýja kirkja sameiginlegan fjárhag við Útskálakirkju, sem afhent hefur verið söfnuðinum til umsjónar og fjárhalds. 71

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar, frekari birtingar og ráðstöfunar. 23. maí

8. dag júnímán. 1896.